






## Opnun á sýningu Helga Þorgils á Kjarvalsstöðum



Morgunblaðið/Kristinn

Fjölskyldan ásamt foreldrum Helga samankomin til að samgleðjast listamanninum.

# Merkur viðburður á myndlistarsviðinu

SÝNING á verkum listmálarans Helga Þorgils var opnuð á Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum um helgina. Í tilkynningu frá safninu segir að þetta sé án efa „einn af merkari viðburðum ársins á myndlistarsviðinu“.

„Helgi Þorgils er án efa einn öflugasti myndlistarmaður á Íslandi. Hann hefur öðlast mikla og almenna viðurkenningu hér á landi og verið virkur þátttakandi í listalífinu í meira en aldarfjórðung, bæði sem skapandi listamaður, sýningarstjóri og gallerísti. Helgi Þorgils hefur einnig vakið verðskuldaða athygli erlendis fyrir listsköpun sína og verk hans eru sýnd hjá virtum galleríum á meginlandi Evrópu,“ segir í tilkynningunni.

Hann hefur haldið fjölda einkasýninga hér á landi og víða erlendis, eins og á Ítalíu, Spáni, Hollandi, Þýskalandi, Sviss og á öllum Norðurlöndunum auk þess sem verk hans hafa verið á samsýningum um allan heim.



Morgunblaðið/Kristinn

Odd Nerdrum hinn norski og Tinna Gunnlaugsdóttir hin íslenska kíktu á opnunina hjá Helga Þorgils á Kjarvalsstöðum.

*Einkasýning Helga Þorgils Friðjónssonar stendur yfir á Kjarvalsstöðum til 11. maí.*



Nói og Kiddi Beikon í stuði.

# Nói nartar í Ofurhugann

OFURHUGINN Ben Affleck heldur stöðu sinni eftir helgina en fast á hæla hans kemur albínói Dags Kára, hann Nói. Annars kíkir allnokkur fjöldi nýrra mynda inn á listann þessa vikuna. *Allar bjargir bannaðar* eða *Trapped*, spennutryllir með Kevin Bacon í burðarrullu, flýgur þannig inn í sjötta sæti og Óskarskeppandi Spike Jonze, *Aðlögun* (*Adaptation*) með Nicolas Cage er og ný. Annar vinur Óskars frænda, dramaverkið *Stundirnar* gerir einnig vart við sig og er nýjasta verk Adam Sandler, *Örvita af ást*, einnig aufúsugestur. *Maður án fortíðar*, verðlaunamynd Aki Kaurismaki, er svo fimmta nýja myndin á lista.

## Söguleg Bítlamynd birt fyrsta sinni



Reuters

# Síðasta æfingin

ÞESSI mynd var tekin í júní árið 1994 og kom fyrst fyrir sjónir manna í gær. Hún sýnir eftirlifandi Bítla, Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr, á síðustu æfingu sinni saman, en tilefnið var *Anthology* útgáfan sem innihélt tvö ný Bítlalög ásamt tugum óútgefinna. Hinn 31. mars mun E.M.I. gefa út á mynddiski *Anthology*-efnið í heild sinni sem m.a. mun innihalda myndskeið frá þessari æfingu.

## VINSÆLUSTU KVIKMYNDIR Á ÍSLANDI HELGINA 7.–9. MARS

| Nr. | var | vikur | Mynd | Framl./Dreifing | Sýningarstaðir |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | 1. | 2 | Daredevil | 220th Century Fox | Smárabíó, Regnb., Laugarásbíó, Borgarbíó Ak., Nýja-Bíó Kef., Akranes |
| 2. | 6. | 2 | Nói Albinói | Zik Zak | Háskólabíó |
| 3. | 2. | 3 | The Ring | DreamWorks | Sambíóin Álfabakka, Akureyri, Háskólabíó |
| 4. | 3. | 3 | Skógarlíf 2 | Walt Disney | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Háskólabíó |
| 5. | 5. | 3 | Gangs of New York | Initial Entertaiment | Laugarásbíó, Smárabíó |
| 6. | Ný | 1 | Trapped | Columbia | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík |
| 7. | 4. | 4 | Two Weeks Notice | Warner Bros. | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Háskólabíó, Akranes |
| 8. | Ný | 1 | Adaptation | Columbia | Sambíóin Álfabakka, Háskólabíó |
| 9. | 8. | 4 | About Schmidt | New Line Cinema | Laugarásbíó, Regnboginn, Borgarbíó |
| 10. | Ný | 1 | The Hours | Miramax | Regnboginn |
| 11. | 7. | 5 | Didda og Dauði Kötturinn | Ísmedia | Sambíóin Álfabakka, Akureyri, Keflavík, Háskólabíó |
| 12. | 9. | 2 | Blue Crush | Universal | Sambíóin Kringlunni, Akureyri |
| 13. | 10. | 5 | Chicago | Miramax | Smárabíó, Regnboginn, Laugarásbíó |
| 14. | Ný | 1 | Punch Drunk Love | Sony Pict. Entert. | Smárabíó |
| 15. | Ný | 1 | Man Without A Past | Sony Pict. Classics | Háskólabíó |
| 16. | 11. | 6 | Spy Kids 2 | Miramax | Smárabíó |
| 17. | 13. | 11 | The Two Towers | New Line Cinema | Smárabíó, Borgarbíó |
| 18. | 14. | 5 | I Spy | Columbia | Smárabíó, Vestmannaeyjar |
| 19. | 12. | 6 | Catch Me If You Can | DreamWorks | Sambíóin Álfabakka, Háskólabíó, Ólafsvík |
| 20. | 18. | 4 | Kalli á Þakinu | Svensk Filmindustri | Laugarásbíó, Borgarbíó |



IBM Business Consulting Services á Íslandi ehf. vann listann í samstarfi við Félag kvikmyndahúsa